




Háteigur



14. árgangur 11. tbl.

13. desember 2010

Gleðileg jól!

<http://hateigsskoli.is>

Jólapistill skólastjóra

Ágætu lesendur

Smátt og smátt nálgumst við jólin og eftirvæntingin vex með degi hverjum. Það er von mín að nemendur, foreldrar og starfsfólk nýti frídagana vel til að endurnæra sig.

Í aðdraganda jólanna eru margir sem segja sögur af æsku sinni og rifja stemningu liðinna jóla. Jólin eru sérstök að því leyti að þau eru tími minninganna. Þau eru sá tími sem minningar verða til og geymast alla ævi. Um jólin þá skiptast menn á minningum. Þannig geta minningar frá jólum náð langt, langt aftur í tímann. Báðar ömmur mínar gáfu mér minningar um sín æskujól. Sú eldri fæddist í litlum firði á Vestfjörðum árið 1893 og mundi jól í fátækt hjá einstæðri móður sem var vinnukona á bæ um aldamótin 1900. Hún fékk það verkefni að sækja eitthvað í hús til heldra fólks á Þorláksmessu og þegar húsmóðirin sá hana standa umkomulausa og fátæklega til fara í eldhúsinu, þá fann hún til vettlinga og sokka til að gefa henni. Þessa góðmennsku mundi amma mín alla ævi og hlýjaði sér við gæsku þessarar minningar. Hin amma mín fæddist 1913 og hennar æskuminningar eru frá því um 1920 þar sem hún og systir hennar leiða blindan afa sinn til messu í Dómkirkjunni ásamt móður sinn og frænkum og kíkt var í gluggana hjá Jacobsen í Austurstræti þar sem postulínsbrúður biðu nýrra eigenda. Þannig á ég jólaminningar sem ná yfir rúmlega hundrað ár þar sem ég fékk þær að gjöf í æsku. Margir segja að jólin hafi orðið lítil tilbreyting frá hversdagsleikanum í allsnægtapjóðfélaginu á síðari hluta tuttugustu aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu og fyrstu. Ekki má þó gleyma því að nú eiga margir erfitt vegna þeirra þrenginga sem þjóðfélagið gengur í gegnum. Hvað sem um þetta má segja, þá eru þau verðmæti sem tíminn og samtalið gefa ótrúlega mikilvæg og ef til vill gleymum við því stundum. Ef einhvern tíma ætti að vera stund til samtals þá er það um jólin, stund til að gefa minningar. Minningar okkar eru ívafið í þeim vef sem gera okkur að því sem við erum og jólin eru uppspretta minninga og sagna sem mikilvægt er að nýta í sjálfsmyndarvefinn.

Ég óska öllum innilega gleðilegra jóla.

Ásgeir Beinteinsson,
skólastjóri Háteigsskóla

Skipulag yfir hátíðirnar

Á öftustu síðu Háteigs má sjá skipulag skólastarfs og jólaleyfis fram til 4. janúar.

Hó, hó

Einu sinni var jólasveinn. Hann var smá vitlaus því þegar hann var að gefa í skóinn þá var hann með svo mikil læti. Hann sagði alltaf, „hó, hó“. Einu sinni þegar hann var að gefa í skóinn þá sagði hann „hó, hó“, en þá sagði einn snjókarl „uss“. „Ha“, sagði jólasveinninn. „Ég sagði uss.“ „Hver var þetta?“ „Þetta var snjókarl.“ „Mamma mía“, sagði jólasveinn. Hann var búinn að pissa í sig af hræðslu. Síðan hljóp hann heim.

Auður Elísabet Ó. Ólafsdóttir, 3. bekk

Julefrokost

Þann 25. nóvember síðastliðinn var haldið Julefrokost í Háteigsskóla. Við í 10. bekk skipulögðum þetta ásamt kennurum okkar. Við útveguðum mat gefins og eyddum síðan öllum fimmtudeginum í að elda, skreyta salinn og skipuleggja skemmtilega dagskrá. Skemmtiatriði voru fjölbreytt og skemmtileg. Ása og Atli sungu og Atli spilaði á gítar. Kristinn spilaði á euphonium og Þórður, Kristófer, Gunnlaugur, Atli og Gísli sungu lag á dönsku. 10. bekkingar seldu veitingarnar, glæsilegt hlaðborð, til fjölskyldu og vina. Ágóðinn rennur í söfnunarsjóð fyrir útskriftarferð í vor.

Þórunn og Bertha í 10. bekk

Jólatré

Göngum við í kringum jólatré,
jólatré, jólatré, jólatré.
Ekki í kringum birkitré.
Við göngum í kringum
jólatré.

Spik á kné.

Móses, Gunnar, Jón Konráð
og Atli í unglingsdeild

Fallega jólatréð hér til
hliðar gerði Anna Margrét
Leósdóttir í 7. bekk.



Stúfur

Einu sinni var jólasveinn. Hann átti verkstæði. Hann heitir Stúfur. Giljagaur er með gjafir og móðir hans var eldreið, en Stúfur var glaður.

Kolbeinn Þorsteinsson, 3. bekk

Ekki neitt

Ég veit ekki neitt
og ég veit enn minna.
Ég hef enga hugmynd,
ég kann ekki að búa til ljóð.

Assa, Berta, Drífa og Gísli í unglingsdeild

Andrea

Einu sinni var lítil stelpa sem hét Andrea. Hún átti heima á bóndabæ með mömmu sinni og pabba sínum. Þau áttu mörg dýr eins og hund, kisu, folald og marga hesta. Amma og afi komu oft í heimsókn í sveitina. Þá gáfu þau Andreu oft bók. Þegar jólin komu voru amma og afi með þeim að borða jólamatinn. Það fannst Andreu gaman.

Sunneva Guðnadóttir, 1. bekk

Jólanótt

Allir fara að sofa.
Jólasveinn í kofa
kemur með poka
sem hægt er að loka.
Dót í skóinn setur
ekki hægt að gera betur.
Hækkandi sól,
því nú eru að koma jól.

Nemendur í 5. SM

Stelpan og hafmeyjan

Einu sinni var stelpa á bát. Hún var að hitta vinkonu sína, hafmeyjuna og um nóttina vildi hún fá fisk. Hún veiddi vin hafmeyjunnar og ætlaði að sjóða hann. Hafmeyjan stökk upp úr sjónum og greip hann í fangið. Svo kom höfrungurinn upp úr sjónum og fylgdist með. Svo fór hún á eyjuna Atlantis.

Katla Ólafsdóttir, 1. bekk

Þorláksmessa

Það var Þorláksmessa. Embla opnaði augun og leit á skóinn sinn. Hún hafði fengið svar frá Kertasníki. Og svarið var svona: „Kæra Embla, það er hræðilegt að það sé bara til eitt jólatré á Íslandi. Við verðum að finna lausn á því. Bestu kveðjur, Kertasníkir.“ Svo leið dagurinn. Embla fór í skótuveislu til frænku sinnar í hádeginu. Þar fannst henni gaman því að þar var svo margt frændfólk. Eftir hádegði fór hún gangandi niður á Austurvöll að skoða jólatréð. Hún pakkaði inn síðustu pökkunum og fór með mömmu sinni að kaupa mat. Svo fór hún að sofa.

Um nóttina fóru jólasveinarnir út í skóg og hjuggu mörg grenitré sem þeir dreifðu síðan út um allt land. Á aðfangadagsmorgun vaknaði Embla og sá að það voru komin jólatré í alla garða. Þá vissi hún að jólnum var bjargað.

Hulda Kristín Hauksdóttir, 4. bekk

Saga af bíl, bófa og buxum

Einu sinni var bíll. Það var löggubíll. Þá kom bófi og stal buxum og þá kom löggan að elta hann. Þá náði löggan honum.

Jakob Traustason, 1. bekk

Ferðin í Sjóminjasafnið

(fimmtudagur 28. október)

Við bekkurinn fórum í Sjóminjasafnið með strætó og sáum ógeðslega gínu á safninu. Við fórum líka í skip og þar var klikkuð byssa sem ég veit ekki hvað heitir og ég sá mynd af gamla Íslandi og það var „cool“. Svo fórum við að borða brauð og Trópí og sáum fiskihrúgu í vatninu og það var gaman.

Þorsteinn Elvar Þórsson, 5. bekk

Fiskur

Einu sinni var maður að veiða. Hann veiddi einn fisk. Hann sauð fiskinn og borðaði síðan.

Heimir Tjörvi Magnússon, 1. bekk

Spurningakeppni Háteigsskóla

Spurningakeppni unglingsstigs Háteigsskóla fór fram þrjá miðvikudaga í nóvember.

Upphaflega mættu til leiks í útsláttarkeppni tólf lið úr öllum bekkjum unglingsstigs. Sex af þessum liðum mættu svo í undanúrslit en af þeim fóru fjögur í úrslitakeppnina sem tókst mjög vel og var skemmtileg. Keppendur sýndu mikla og víða þekkingu og ótrúlega leikhæfileika.

Að lokum sigraði lið sem skipað var Gísla, Atla, Þórði og Gunnlaugi sem allir eru í 10. bekk en lið Úlfs, Gunnars og Vésteins sem einnig eru úr 10. bekk lenti í öðru sæti eftir harða og jafna keppni.

Helgi Baldursson, kennari

Hjólabretti

Einu sinni var lítil stúlka sem fór á hjólabretti ein og svo kom mamma og bjargaði henni áður en hún klessti á tré.

Sigurros Mai Árnadóttir, 1. bekk



Flýgur um og bjargar heiminum.

Mamma þín, mamma þín, mamma þín, þín, Súperman.

Hann hefur ~~þess~~ geislasjón

„I don't like it anymore“.

Framvegis mun ég aðeins notast við ósýnilegt blek.

Ágúst, Emilía, Anna, Júlía og Dario í unglingsdeild

Sykurkakan á afmæli

Einu sinni var sykurkaka í búðinni því að hún átti afmæli og hún var að kaupa köku. Hún var líka að kaupa bensín á bílinn sinn því hún var að fara heim með kókuna og síðan á leiðinni fór bensínið úr bílnum aftur en þá var búðin lokuð. Og það var hótél sem var ekkert venjulegt hótél. Og þegar hún fór inn í hótelið þá læsti draugur hana inni. Og allir afmælisgestirnir voru þar líka. Síðan sluppu þau með því að kakan náði lyklinum og læsti drauginn inni. Þau fundu bílinn og mamma kókunnar og pabbi, sem voru líka kökur, þau keyrðu alla í bílnum, því þetta var mjög langur bíll með mörgum sætum, beint heim til hennar og hún stal bensíni frá draugnum og þá gat afmælisveislan byrjað, loksins.

Sigurður Orri Egilsson, 1. bekk

Jólin

Þetta er ég þegar það eru jól 2010, 24. desember. Búin að klæða mig í jólafötin, verð í jólakjól. Hlakka til að opna allar gjafirnar frá öllum í fjölskyldunni. Mig langar í Hello Kitty púða sem er með rennilás og hægt að skrifa í hann.



Í fyrra borðuðum við hangikjöt með sósu og kartöflum. Þegar við vorum búin að borða fengum við norskan graut. Mamma eða pabbi settu eina litla möndlu ofan í grautinn. Svo fengu allir sér á diskinn sinn. Einhver fékk möndluna. Það var ég og hann sem vann fékk 1000 kr. og marsípangrís. Svo opnuðum við pakkana og ég fékk margt skemmtilegt dót og flott fót. Gleðileg jól, allir saman!

Anna Hedda Björnsdóttir Haaker, 3. bekk

Úti að labba

Ég fór út að labba, sá þar gaur, ætlaði hann að skalla en fattaði að þetta var maur. Ég hitti Einar Áskel sem sagði mér að fara ekki frá sér. Að hann væri hræddur við myrkrið. Að fara ekki fyrr en því linnir. Svo við fórum að kúra, vorum með kex, bók og teppi og líka vídeóspólu. Svo fór ég og kveikti ljósið, myrkrið, myrkrið það var búið.

Camilla, Halldóra, Máni, Þórður B. og Valur í unglingadeild

Ferðin til tunglsins

Einu sinni var geimfari að fara til tunglsins. Og þá kom hann til tunglsins og þar datt hann. Þá beit hann óvart í tunglið. Hann fann bragðið af tunglinu. Þá fann hann að þetta var ostur. Þá sá hann geimveru og þá varð hann svo hræddur að hann tók andköf. Og þá hljóp hann og vissi ekki hvað hann átti að gera, þannig að hann bara fór í geimskipið, kveikti á vélinni og fór aftur til jarðar.

Jóhannes Liljan Árnason, 1. bekk

Bókahátíð

Bókahátíð snýst um að fagna því að bekkurinn þinn hafi lesið 100 bækur og skráð þær inn á bókaormana sína. Á þessari hátíð er kosið um hvernig bekkurinn vilji halda upp á hátíðina, það má koma með sparinessi og svo velja sér allir eina bók til að kynna fyrir hinum í bekknum. Við 6. GH og 6. GHS héldum slíka hátíð fimmtudaginn 25. nóvember. 6. GH kom sér saman um að halda diskópárty og kennarinn kom með diskókúlu en 6. GHS vildi að þau myndu para sig saman stelpur og strákar og svo gerðu þau hárgreiðslu í hvort annað. Í lok bókahátíðarinnar gerðu krakkarnir í GHS sýningu fyrir GH undir tónlist með bæði glæsilegar og fríkaðar hárgreiðslur.

Jóna Gréta Hilmarsdóttir og Þórhildur Bryndís Guðmundsdóttir, 6. bekk

Saga af jólasveini

Einu sinni var jólasveinn sem átti hreindýr á vagni. Hann átti dverga. Hann átti höll. Hann átti líka fullt af þökkum.

Birgir Freyr Bragason, 3. bekk

Þögn

Þögnin er dýrmæt
eins og þú.

Í þögninni finnst mér
ég vera óhult.

Arnór, Andri, Eglé og Unnur í unglingadeild

Sagan af Brynhildi

Einu sinni var lítill stelpa sem var týnd. Hún hét Brynhildur. Hún hitti hund sem talaði. Hann sagði henni að hann væri hundur prinsessunnar. Prinsessan kom og reyndi að ná hundinum en hann hljóp bara í burtu. Stelpa litla náði honum og lét prinsessuna fá hann. Hann var að fara í pössun en vildi ekki fara því hann var svo hræddur við pössunarpíuna. Natalia Sif Stefánsdóttir, 1. bekk

Þorgrímur Þráinsson

Fimmtudaginn 2. desember kom Þorgrímur Þráinsson í heimsókn til 6. bekkjar. Hann kynnti fyrir okkur ýmsar bækur. Við vildum fá hann til okkar því að við vorum mjög áhugasöm um eina bókina hans, *Ertu guð, afi?* eftir hann Þorgrím Þráinsson. Guðrún Helga (kennari 6. GHS) hringdi í hann og bað hann að koma og kynna bókina sína nánar fyrir bekknum. Hann las u.þ.b. hálfan kafla úr bókinni og sagði okkur aðeins hvernig hann fær hugmyndir af bókum, hann punktast hjá sér hugmyndir á bókum nokkrum sinnum á viku. Við erum búin að búa til afa-vegg þar sem við skrifum málshætti og orð um lífið (eins og í bókinni *Ertu guð, afi?*). Eftir heimsóknina voru næstum því allir krakkarnir farnir niður á bókasafn að taka bók eftir Þorgrím Þráinsson. Hann sagði okkur líka ráð til að skrifa bók.

Geri og Viktor í 6. bekk

Jólin mín og þín

Á jólum finnst mér gaman að vera til. Þá fæ ég jólapakka, alls konar dót, dansa í kringum jólatréð og syng í takt. Klæði mig í spariföt, fæ jólasteik og möndlugraut, meira að segja smákökur. Á jóladag fæ ég heitt súkkulaði með rjóma og brauð í morgunmat. Mikið finnst mér gaman að þessum dögum, allir eru glaðir og góðir og lífa í sátt.

Antonía Mist Gísladóttir, 2. bekk

Stjörnur

Einu sinni var stelpa úti að horfa á björtu stjörnurnar. Svo fór hún að sofa. Harpa Rósey Qingqin, 1. bekk

Blómin hans fluga

Blómin eru falleg

Ilíka sæt og góð

Ótrúlega litrík

með flugu flotta

ilmurinn er glæsilegur

nú kemur flugan og fær hunang.

Páll, Vésteinn, Erna og Embla í unglingadeild

Hvað eru ljóð?

Ljóð geta verið löng, stutt, fyndin, sorgleg, vandræðaleg, asnaleg, leiðinleg, fræðandi, ævintýrleg, sum ríma, sum ekki, óspennandi og eiginlega alls konar.

Embla Þöll Einarsdóttir, 5. bekk

Bangsi á bókasafni

Einu sinni var stór bangsi sem var á stóru bókasafni. Það voru 100 bækur. Vaka Sigríður Ingólfssdóttir, 1. bekk

Stúfur

Einu sinni var jólasveinn sem heitir Stúfur. Hann var lítill jólasveinn. Hann gaf mjög, mjög margar gjafir. Stúfur var mjög skemmtilegur þótt hann sé lítill eins og Stubbur. Hann á heima í Dimmuborg. Hann á tólf bræður og mömmu sem heitir Grýla og pabba sem heitir Leppalúði. Þau eiga líka einn kött sem er jóla-kötturinn. Jólasveinarnir eru eldgamlir en samt fjögurir. Þeir hafa einu sinni verið stelupjófar en svo vissu þeir að það væri leiðinlegt fyrir börnin. Stúfur fer á stjá prettánda desember. Stúfur er mjög, mjög klár. Hann er klárari en Grýla og Leppalúði og meira að segja klárari en bræður sínir þótt hann sé lang- langminnstur í tröllafjölskyldunni sinni.

Alexandra M. Róbertsdóttir, 4. bekk

Kisan Bella og hundurinn Gabbi

Bella mín er mér kær,
hún er skírð í höfuðið á símamær.
Hún býr nú hjá ömmu minni
og eltir þar mýs að músaholunni.
Nú hún gömul orðin er,
14 vetra hún kisa mín orðin er.

Gabba vinar síns saknar hún mikið,
það er nú ekkert skrytið
þótt í fyrstu henni á hann hafi ekkert litist
og rifist hafi eins og hundur og köttur,
þá án hans er hún, að mér finnst, dálítið döpur.
Guðný Kristín Erlingsdóttir, 5. bekk

Í fótbolta

Í sumar vorum við Hákon Atli að spila fótbolta. Ég skoraði mörg mörk og var það mjög gaman. Síðan fór ég heim og lék mér með dótið mitt.

Kjartan Guðnason, 1. bekk

Ljóð um vatn

Vatn drekkum við
og hið sanna vatn
böðum við okkur í.
H²O drekka allir.
Sælir eru þeir
sem drekka vatn.

Bjarni Hjaltason, 5. bekk

Símar

Símar gagnast afar vel.

Fólk talar í síma.

Ókostur er þó að ég tel,

að það talar í of langan tíma.

Guy, Guðrún M., Mikki og María í unglingsdeild

Regnboginn

Ég var að fara heim eftir leikjadag í skólanum. Þá sagði mamma: „Kíktu á milli húsanna, þá sérð þú regnbogann.“ Í þjóðsögunum segir að það sé gull falið á sitt hvorum endanum á regnboganum. Þá sagði ég: „Ég vil ná í gullið ef það er þar“ og fór að gráta. Þá sagði mamma: „Ég vil líka ná í gullið.“

Rósa Guðbjörg Guðmundsdóttir, 1. bekk

Dimmt er í desember

Dimmt er í desember.

Kertum kveikjum á.

Jólin eru að koma,

verður gaman þá.

Þá er tími hamingjunnar.

Á jolum er varla sól

en stelpur fara í jólakjól.

Úti er fallegur snjór,

í glugga er jólastór.

Friður heims um ból.

Nemendur í 5. HHK

☺ Spakmæli mánaðarins: ☺

Þetta umfram allt: Vertu sjálfum þér trúur.

Starfsemi Háteigsskóla 8. desember 2010 - 4. janúar 2011

	8. des.	9. des.	10. des.	13.-15. des.	16. des.	17. des.	21. des.-1. jan.	3. jan.	4. jan.
1. - 4. bekkur	Skv. stundatöflu. Hangikjöt í hádegi.	Skv. stundatöflu.	Skv. stundatöflu.	Skv. stundatöflu.	Viðvera kl. 10:10 – 13:40. Dagskrá í sal kl. 12:20.	Viðvera kl. 11:30 – 13:30. Jólátré kl. 12.	Jólafrí. Frístund opin virka daga.	Starfsdagur	Skv. stundatöflu.
5. - 7. bekkur	Skv. stundatöflu.	Skv. stundatöflu. Hangikjöt í hádegi.	Skv. stundatöflu.	Skv. stundatöflu.	Viðvera kl. 9:10 – 12:30. Dagskrá í sal kl. 10:30.	Viðvera kl. 10 – 12. Jólátré kl. 11.	Jólafrí.	Starfsdagur	Skv. stundatöflu
8. - 10. bekkur	Jólapróf skv. próftöflu.	Jólapróf skv. próftöflu.	Jólapróf skv. próftöflu. Hangikjöt í hádegi.	Jólapróf skv. próftöflu.	Viðvera kl. 10 – 13. Valverkefni.	Kl. 8:45 í skóla. Kirkja kl. 9. Jólástund í skóla til kl. 11.	Jólafrí.	Starfsdagur	Skv. stundatöflu